

## Fundargerð 76. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 1. nóvember 2021, kl. 13:00

### Dagskrá:

1. **Mælaborð Byggðastofnunar.** Þorkell Stefánsson, sérfræðingur kynnis
2. **Byggðaaáætlun (í nútíð og framtíð)**
3. **Haustfundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga**
4. **Önnur mál**

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarisdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Bryndís Eiríksdóttir (ANR, mætti 13:20), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (UAR), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu), og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

**Á fjarfundi:** Þórarinn Sólmundarson (MMR, mætti 13:17), Eyþór Björnsson (landshlutasamtökunum) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

**Fjarverandi:** Andri Júlíusson (UTN).

Formaður setti fund. Því næst var gengið til dagskrár.

### Umfjöllun og afgreiðsla:

#### 1. Mælaborð Byggðastofnunar

Þorkell Stefánsson sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar mætti á fundinn í gegnum Teams og kynnti mælaborð Byggðastofnunar. Miklar umræður voru um þennan lið, meðal annars um sambærilega gagnasöfnun annarra stofnana.

#### 2. Byggðaaáætlun

Formaður gerði grein fyrir stöðu byggðaaætlunar. Endurskoðuð byggðaaáætlun var lögð fram á Alþingi í júní sl. en bíður nýrrar ríkisstjórnar og nýs Alþingis. Á meðan er unnið skv. gildandi byggðaaáætlun frá árinu 2018. Áður en þingsályktunartillagan verður lögð að nýju fram á Alþingi verður hún yfirfarin, meðal annars með tilliti til nýs ríkisstjórnarsáttmála og það formaður fulltrúa ráðuneytanna að vera tilbúna í þá vinnu.

#### 3. Haustfundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Verkefnisstjóri hefur boðað fjóra fundi af átta árlegum fundum stýrihóps og landshlutasamtaka, en er að vinna að tímasetningum fyrir þá fundi sem út af standa.

#### 4. Önnur mál

a) Verkefnið Áfram Árneshreppur. Spurt var um eftirfylgni mála sem fulltrúar verkefnisins Áfram Árneshreppur kynntu á fundi stýrihóps þann 4. október s.l. og snúa fyrst og fremst að snjómokstri og þrífösun rafmangs og greindu fulltrúar SRN og ANR frá meðferð mála innan þeirra ráðuneyta.

b) Menntun án staðsetningar. Verkefnisstjóri sagði stuttlega frá nýliðinni byggðaráðstefnu um menntamál sem fram fór í Vík í Mýrdal.

c) Ályktanir landshlutasamtaka sveitarfélaga. Rætt var um meðferð ályktana frá landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Næsti fundur verður mánudaginn 6. desember 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10